

Skipulagssvið
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri, 07.06.2018

Efni: Athugasemd við fyrirhugaðri framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi á Móasíðu 1.

Við undirrituð, eigendur einbýlishúsa í Rimasíðu 8, 9, 10, 11, 12, 17 og 19, gerum eftirfarandi athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd eða breytingu á deiliskipulagi á Móasíðu 1.

1. Aukin umferð vegna fjölda íbúða með tilheyrandi umferðarhávaða og auknum umferðarpunga um þröngar götur.
2. Bílastæði stendur við Miðsíðu en lóðin er staðsett við Móasíðu. Við teljum að stærð og staðsetning bílastæða með fram Miðsíðu sé óheppileg og geti valdið ónæði og ógnað öryggi gangandi vegfarenda um svæðið.
3. Mikil skerðing á útsýni. Vegna hæðar á fjölbýlishúsinu mun það skerða fjallasýn íbúa með tilheyrandi ónæði.
4. Inngangur í íbúðir eiga að snúa inn í götu sem húsnæðið tilheyrir, mikið ónæði vegna fjölda af íbúum.
5. Miðað við teikningar virðist sem nýbyggingin sé byggð of nálægt lóðarmörkum og efumst við um að hún uppfylli byggingarreglugerð um fjarlægð. Miðað við fylgiskjal 1 virðist sem ekki hafi verið reiknað með frekari byggingum í kring.
6. Vegna þess hve stór nýbyggingin er getur það valdið því að íbúar hennar hafi innsýn í þau hús sem næst eru ásamt útsýni yfir garða og sólpalla sem er að okkar mati óásættanlegt.

Virðingarfyllt

Nafn	Kennitala	Heimilisfang
Þaguný Þ. Baldursd.	0609753889	Rímasíða 11
Ann V. Císur	170672-5779	- 11-11-
Helga Lyngdal	1211742949	Rímasíða 17
Valtýr Þráyr	0212724189	Rímasíða 17
Hölnfríður María Hauksd.	100569-4189	Rímasíða 19
Ómar Ó Helgason	290268-4519	Rímasíða 19
Gyða Birnisdóttir	210590-2509	Rímasíða 12
Sígmundur Ing. Ásgeirsson	060279-3309	Rímasíða 8
Helga Ósk Indrúksdóttir	050577-3099	Rímasíða 8
Esther G. Gestsdóttir	031084-3349	Rímasíða 9
Þjarni Þétursson	210384-3329	Rímasíða 9
Lara Sif Indrútdóttir	060285-2419	Rímasíða 10
Stefán Þorisson	170687-2729	Rímasíða 10

Til þess er málið varðar.

Akureyri þann 02-06-2018

Grendarkynning

Mál no 2018030116 09-201

Breyting á Móasíðu 1

Send er grendarkynning vegna breytinga á Móasíðu 1. 603 Akureyri. Hús á tveimur hæðum auk kjallara. Fyrri nýtni sem leikskóli á 1.st hæð og íbúðir á annari hæð.

Í grendarkynningu er kynnt að breyta eigi húsinu í íbúðarhús auk þess er tekið fram að byggja út frá núverandi byggingu tveggja hæða hús sem sýnt er með flötu þaki norður suður frá núverandi húsi.

Eigendur Múlasíðu 28 leggjast ekki gegn breytingu núvernadi húsi þannig að íbúðir verða gerðar á 1.st hæð. Óskandi er að sú breyting verði til þess að húsinu verði viðhaldið í framahldinu.

Varðandi byggingu álmu norður suður. Þá er alfarið lagst gegn þeim áformum. Þrengt er verulega að þeim húsum sem fyrir eru á svæðnu og útsýni skert verulega til fjalla í austri. Íbúar í Múlasíðu 28 voru þess vissir þegar kaup voru gerð á íbúðinni að verið væri að kaupa í gamalgrónu hverfi og þar með þyrfti ekki að hafa áhyggur af svona breytingum sem grendarkynning snýst um. Það er þó svo að aldrei er hægt að ganga út frá því eins og hefur sýnt sig nú, og einnig víðar í bænum. Þó svo kynning sýni hús með flötu þaki þá er það hátt þannig að útsýn til austurs er farin. Útbygging á einni hæð væri betri á svæðinu. Einnig mun umferðarþungi aukast í hverfinu við þessa framkvæmd.

Á kynningu er talað um 34 bílastæði en teljast 35 á kynningarupprætti.

Eigendur Múlasíðu 28

Ingibjörg S Indriðadóttir

Ingibjörg Sólveig Indriðadóttir

Þórir Guðmundsson

ÞÓRIR GUÐMUNDSSON

Perla Fanndal

From: Arne Vagn <seljalandi@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 6. júní 2018 19:57
To: Skipulagssvið Akureyrar
Subject: Athugasemd vegna Móasíðu 1

③

Categories: Perla

Góðan dag

Með bréfi dags 9.5.2018 er óskað eftir athugasemdum (ef einhverjar eru) við fyrirhugaðar framkvæmdir á Móasíðu 1 þar sem áður var leikskóli.

Undirritaðir íbúar Rimasíðu 11 leggjast gegn nýbyggingu á lóðinni. Bæði er það talið rýra útsýni, birtu og þar með söluvirði fasteignar okkar en einnig fylgir því aukin umferð og umferðarhávaði. Nær væri að byggja svæðið upp sem grænt svæði / garð fyrir íbúa hverfisins eða jafnvel útbúa þar hundasvæði fyrir fjölmarga íbúa Síðuhverfis.

Undirritaðir íbúar Rimasíðu 11 leggjast þó ekki gegn breytingu núverandi húss (leikskóla) í íbúðir enda er þar um hóflega aukningu að ræða.

Með vinsemd og virðingu,
Arne Vagn Olsen, kt. 170672-5779
Dagný Þóra Baldursdóttir, kt. 060975-3889
Rimasíða 11

var@internet.is

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : var@internet.is
Heiti : Grenndarkynning
Málsnúmer. : 2018030116
Málsaðili : Rúnar Már Sigurvinsson
Skráð dags : 5.6.2018 20:44:00
Höfundur : var@internet.is

(4)

Góðan dag.

Við eigendur Rimasíðu 13 603 Akureyri mótmælum þeirri byggingu sem okkur var kynnt í grendarkynningu að Móasíðu 1 603 Akureyri.

Húsið að Móasíðu 1 stendur töluvert hærra en lóðin okkar auk þess er fyrirhuguð bygging á tveimur hæðum og er sunnan við lóðina okkar. Teljum við við húsið rýra notagildi lóðar okkar þar sem sjónlína er í okkar garð og aukin umferð vegna bílastæðis sem stendur hærra en lóðin. Teljum við að fyrirhugað hús rýri verðgildi eignar okkar verulega. Kveðja Ævar Pálsson og Sóley Guðmundsdóttir Rimasíðu 13 603 Akureyri.

Vilhjálmur Hallgrímsson

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Vilhjálmur Hallgrímsson
Heiti : Grendarkynning Móasíða 1 mótmæli
Málsnúmer. : 2018030116
Málsaðili : Rúnar Már Sigurvinsson
Skráð dags : 2.6.2018 21:55:11
Höfundur : Vilhjálmur Hallgrímsson

⑤

Við undirritaði eigendur og íbúar Móasíðu 3b 603 Akureyri mótmælum hér með harðlega fyrirhugaðri byggingu tveggja hæða húss að Móasíðu 1 603 Akureyri. Móasíðan og götur hér í kring er hverfi lágreistra bygginga og að byggja tveggja hæða hús hér algjört stílbrot, passar engan veginn við þá byggð sem fyrir er. Svona stórt hús lokar götumyndinni og er með allt of mörgum íbúðum.

Síðan vekur nafnalistinn yfir þá sem gefinn er kostur á að andmæla furðu okkar. Hvers vegna eru nöfn eigenda þriggja íbúa á efri hæð Móasíðu 1 ekki á listanum? Við vonum svo sannarlega að skipulagsyfirvöld Akueyrarbæjar meti skoðanir okkar og annara íbúa hér í nágrenninu, sem jafnvel hafa búið hér í áratugi, hærri en gróðasjónarmið umsækjanda.

Virðingarfyllt,
Arnfríður Jónasdóttir kt 140853 5349
Vilhjálmur Hallgrímsson kt. 250852-4609
Móasíða 3b 603 Akureyri.

Ólafur Andri Ragnarsson

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Ólafur Andri Ragnarsson
Heiti : Athugasemnd vegna Móasíðu 1
Málsnúmer. : 2018030116
Málsaðili : Rúnar Már Sigurvinsson
Skráð dags : 30.5.2018 22:06:36
Höfundur : Ólafur Andri Ragnarsson

6

Góðan daginn,
Nafn: Ólafur Andri Ragnarsson
Kennitala: 1605793319
Heimilsfang: Múlasíða 14

Ég samþykki ekki þessa byggingu. Hún mun skerða lífsgæði mín. Útsýn til fjalla og kvöld sól mun hverfa.

--

Kveðja
Ólafur Andri Ragnarsson

Anna Guðrún Jónhansdóttir

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : Anna Guðrún Jónhansdóttir
Heiti : Athugasemd 2 - Anna Guðrún Jónhansdóttir
Málsnúmer. : 2018030116
Málsaðili : Rúnar Már Sigurvinsson
Skráð dags : 28.5.2018
Höfundur : Anna Guðrún Jónhansdóttir

7

Fyrir mitt leyti þá myndi ég vilja að nýbygging við Móasíðu 1 yrði aðeins á einni hæð.
Anna Guðrún Jónhansdóttir
230256-5439
Móasíða 3c, 603 Akureyri

sollagummi@simnet.is

Til : Skipulagssvið Akureyrar
Frá : sollagummi@simnet.is
Heiti : Athugasemd 1 - Sólveig Sævarsdóttir og Guðmundur Skarphéðinsson
Málsnúmer. : 2018030116
Málsaðili : Rúnar Már Sigurvinsson
Skráð dags : 27.5.2018
Höfundur : sollagummi@simnet.is



Við Guðmundur Skarphéðinsson og Sólveig Sævarsdóttir Móasíðu 3d, fengum bréf frá Akureyrarbæ um deiliskipulag vegna Móasíðu 1, okkur hefði fundist flott að fá einnar hæðar raðhús á þessari lóð en tveggja hæða hús list okkur ekki á og mótmælum byggingu tveggja hæða húss. Það er stafsettningavilla í bréfinu stendur að við höfum fjórar vikur til að gera athugasemd eða til 7. júní 2019.

Virðingarfyllt.

Sólveig Sævarsdóttir

Guðmundur Skarphéðinsson

Akureyri 6. Júní 2018

Við undirrituð, eigendur íbúðar að Múlasíðu 16, gerum athugasemdir við auglýsta breytingu að deiliskipulagi fyrir nýtingu á lóð við Móasíðu 1.

1. Skuggavarp: Vegna hæðar og nálægðar byggingar sem er í kynningargögnunum við eign okkar, teljum við að fyrirhuguð bygging sem er á teikningum varpi skugga á garð og íverusvæði íbúa í Múlasíðu 16 og rýri þar með gæði þeirra svæða og þ.a.l. verðgildi eignar.
2. Byggingalína of nálægt lóðamörkum: Af teikningum að dæma virðist byggt of nálægt lóðamörkum sem okkur þykir ekki ásættanlegt og efumst um að uppfylli byggingarreglugerð um fjarlægð byggingarlínu frá lóðamörkum. Við teljum að eldra samþykkt skipulag af svæðinu geri ekki ráð fyrir frekari byggingum við Móasíðu 1.
3. Bílastæði: Stærð og staðsetning bílastæða við fyrirhugaða byggingu meðfram Miðsíðu teljum við að sé óheppileg og geti valdið íbúum ónæði og haft áhrif á hljóðvist þeirra rýma sem snúa að Móasíðu.
4. Óþægileg innsýn: Svefnherbergi og stofa Múlasíðu 16 snúa að lóð Móasíðu 1 og vegna þess hve stór fyrirhuguð bygging er og byggt nálægt núverandi byggingum gæti það valdið óþægilegri innsýn milli núverandi og fyrirhugaðra íbúa, sem yrði til ama. Íbúar í nýbyggingu munu hafa útsýni inn í garð og sólpall okkar, sem er óásættanlegt.
5. Úrsýni frá Múlasíðu 16 skerðist verulega, t.d. munum við ekki njóta kvöldsólar eins og nú.

Virðingarfyllst

Halldóra Kolbrún Ólafsdóttir, kt. 280653-5009

Viðar Þorsteinsson, kt. 170750-2339



Akureyri 5. júní 2018

Við undirrituð, eigendur að íbúðum að Múlasíðu 18 og 18a, gerum athugasemdir við auglýsta breytingu á deiliskipulagi fyrir nýtingu á lóð við Móasíðu 1.

(10)

1. Skuggavarp: Vegna hæðar og nálægðar byggingar sem er í kynningargögnum við eignir okkar teljum við að fyrirhuguð bygging sem er á teikningum varpi skugga á garða og íverusvæði íbúa í Múlasíðu 18 og 18a og rýri þar með gæði þeirra svæða og þ.a.l. verðgildi eigna.
2. Byggingarlína of nálægt lóðarmörkum: Af teikningum að dæma virðist byggt of nálægt lóðamörkum sem okkur þykir ekki ásættanlegt og efumst um að uppfylli byggingarreglugerð um fjarlægð byggingarlínu frá lóðamörkum. Við teljum að eldra samþykkt skipulag af svæðinu geri ekki ráð fyrir frekari byggingum við Móasíðu 1.
3. Bílastæði: Stærð og staðsetning bílastæða við fyrirhugaða byggingu meðfram Miðsíðu teljum við að sé óheppileg og geti valdið íbúum ónæði og haft áhrif á hljóðvist þeirra rýma sem snúa að Móasíðu, þar sem bílastæði liggja nánast alveg upp að gördum og íverusvæðum íbúa við Múlasíðu 18 og 18a.
4. Óþægileg innsýn: Svefnherbergi og stofur íbúa við Múlasíðu 14-18a snúa að lóð Móasíðu 1 og vegna þess hve stór fyrirhuguð bygging er og byggt nálægt núverandi byggingum gæti það valdið óþægilegri innsýn milli núverandi og fyrirhugaðra íbúa sem yrði til ama. Íbúar í nýbyggingu munu hafa útsýni inn í garða og sólpalla okkar sem er óásættanlegt.
5. Útsýni frá íbúðum 18 og 18a skerðist verulega, t.d. munum við ekki njóta kvöldsólar eins og nú.

Virðingarfyllst

Sigurbjörg Bjarnadóttir kt. 180664-2039, Þórður S. Reykdal 060561-2739

Þorsteinn Sigurbjörnsson kt. 010852-3749